Undir b. **Norðurland.** **53**
17. maí

1. Á eftir 2. lið: Núpsá í Miðfirði.
2. — — 8. — Norðurá hjá Egilsá í Skagafirði.
3. — — 18. — Syðri-Tunguá í Hörgárdal.
4. — — 18. — Torfafellsá í Eyjafirði.

Undir c. **Austurland.**

1. Á eftir 11. lið: Njarðvíkurá í Borgarfirði eystra.
2. — — 12. — Jökulsá á Dal undir Brú.
3. — — 12. — Lagarfljót á Steinboga.

Undir d. **Suðurland.**

1. Á eftir 3. lið: Gjádalsá í Lóni.
2. — — 5. — Lambleiksstaðakelda á Mýrum.
3. — — 10. — Virkisá í Öræfum.
4. — — 10. — Svínafellsá í Öræfum.
5. — — 10. — Skaftafellsá í Öræfum.
6. — — 23. — Affall við Bergþórshvol í Landeyjum.

III. **Aðrar brýr,** b-liður orðist svo:

b. Brýr á sýsluvegum má gera að öllu fyrir fé úr ríkissjóði.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

*Gjört í Reykjavík, 17. maí 1947.*

**Stefán Jóh. Stefánsson.** **Jón Pálmason.** **Jón Ásbjörnsson.**
(L. S.)

*Emil Jónsson.*

# AUGLÝSING

**54**
12. maí

## um fullgildingu alþjóða póstmálasamninga.

Hinn 30. nóvember 1946 fullgilti Ísland alþjóða póstmálasamninga þá, sem undirritaðir voru fyrir Íslands hönd í Buenos Aires hinn 23. maí 1939. Fullgildingarskjal Íslands var skrásett í utanríkisráðuneyti Argentínu 14. janúar 1947.

Þetta er hér með gert almenningi kunnugt.

*Utanríkisráðuneytið, 12. maí 1947.*

**Bjarni Benediktsson.**

*Agnar Kl. Jónsson.*